

## ALMENNIR SKILMÁLAR UM SÖLU

### 1. GILDI

1.1 Í þessum almennu skilmálum um sölu („**skilmálar**“) er merking hugtaka eftirfarandi: „**kaupandi**“ er sá aðili sem gefur út pöntun um kaup á vörum („**vörur**“), „**RPC Sæplast**“ er sá aðili innan samstæðu RPC Sæplasts sem staðfestir pöntun og gegnir hlutverki birgis og „**samningur**“ er samningur um sölu á vörum milli RPC Sæplasts og kaupanda.

1.2 Skilmálarnir gilda að því er varðar sérhvern samning, nema aðilarnir semji sérstaklega um annað skriflega.

1.3 Ef aðilar hafa komist að skriflegu samkomulagi um frekari skilmála eða skilmála sem fela í sér frávik frá þessum skilmálum, í staðfestingu á pöntun, sölusamningi eða með öðrum hætti, skulu slíkir skilmálar ganga framár skilmálum þessum.

1.4 Allir aðrir skilmálar, hvort sem gefið er í skyn að þeir gildi með beinum eða óbeinum hætti, þar með talið almennir skilmálar kaupanda, hafa ekkert gildi gagnvart RPC Sæplasti.

1.5 Skilmálarnir gilda að því er varðar vörur í lægri flokki, vörur frá þriðja aðila eða notaðar vörur („**annars flokks vörur**“) nema að því leyti að annars flokks vörur eru seldar í því ástandi sem þær eru við söluna („EINS OG ÞÆR ERU“ (e. „as is“)) og RPC Sæplast samþykkir enga ábyrgð á göllum á annars flokks vörum. Kaupandi staðfestir að RPC Sæplast veitir engar ábyrgðir að því er varðar gæði annars flokks vara, þar með talið að staflíður (iii) í grein 5.1 skuli ekki gilda og að slíkt endurspeglar í kaupverðinu.

### 2. UPPGEFIÐ VERÐ, PANTANIR OG STAÐFESTING Á PÖNTUNUM

2.1 Allt uppgEFIÐ verÐ / tilboÐ frá RPC Sæplasti til kaupanda fyrir afhendingu vöru:

(a) er byggt á kostnaði efnis, nytjahluta, flutninga og vinnuafis eins og hann er á þeim degi sem uppgEFIÐ verÐ er sett fram;

(b) fellur undir þessa skilmála; og

(c) gildir í 30 daga frá þeim degi sem uppgEFIÐ verÐ er sett fram, nema RPC Sæplast tilkynni annað skriflega.

2.2 Pöntun á vörum sem kaupandi leggur fram telst vera tilboÐ um að kaupa vörur samkvæmt þessum skilmálum. Kaupandi skal tryggja að upplýsingarnar sem fylgja með pöntun séu tæmandi og réttar í alla staði.

2.3 Samningur er bindandi milli aðila þegar RPC Sæplast gefur út skriflega staðfestingu á pöntun eða afhendir vörurnar.

### 3. KAUPVERÐ, AFHENDING, SKOÐUN

3.1 Allt verÐ sem gefið er upp er án virðisaukaskatts og öllum öðrum sköttum eða tollum.

3.2 Vörurnar eru afhentar á athafnasvæði RPC Sæplasts og greiðir kaupandi allan trygginga- og flutningskostnað frá svæði seljanda (e. „Ex-Works“), eða eins og tilgreint er í staðfestingu á pöntun. Afhendingarskilmála skal, ef við á, túlka í samræmi við Incoterms 2010.

3.3 Ef engin samþykkt afhendingaráætlun er fyrir hendi skal afhending eiga sér stað á þeim degi sem RPC Sæplast staðfestir við eða tilkynnir kaupanda. Afhendingardagarnir eru aðeins leiðbeinandi nema um annað sé sérstaklega samið. Ef RPC Sæplast fær vitneskju um að vörur verði afhentar síðar en á áætluðum afhendingardegi skal það tilkynna kaupanda það án ástæðulausrar tafar.

3.4 Vörurnar kunna að verða afhentar í hlutum.

3.5 Allar kröfur vegna seinkunar skulu í öllum tilvikum takmarkast við (i) ákvæði 7 og (ii) seinkanir sem eru veigamiklar.

3.6 Kaupandi skal eins fljótt og unnt er eftir afhendingu skoða vörurnar vandlega til að tryggja að vörurnar séu í samræmi við umsamið magn, gæði og annað sem umsamið var.

3.7 Kaupandi skal tilkynna RPC Sæplasti innan fimm (5) viðskiptadaga frá afhendingu ef afhendingin var röng eða ef gallar uppgötvast við skoðun.

### 4. ÁHÆTTA OG EIGNARHALD Á VÖRUNUM

4.1 Áhætta á tjóni eða tapi á vörunum flyst yfir á kaupanda þegar þær eru afhentar, sbr. ákvæði 3.2.

4.2 RPC Sæplast viðheldur eignarrétti á vörunum að því marki sem lög leyfa þangað til kaupverðið hefur verið greitt að fullu, en á þeim tímapunkti eignarhald flyst yfir til kaupanda.

4.3 Þangað til eignarhald á vörunum flyst yfir til kaupanda skal kaupandi:

(a) tryggja að vörurnar séu auðkenndar og merktar sem eign RPC Sæplasts,

(b) upplýsa hvar vörurnar eru ef RPC Sæplast biður um það,

(c) leyfa RPC Sæplasti eða þriðja aðila sem RPC Sæplast tilnefni að skoða vörurnar, og

(d) ekki selja, veðsetja eða nota vörurnar sem tryggingu án fyrirframsamþykkis RPC Sæplasts.

4.4 Við vanefnd kaupanda á samningi er RPC Sæplasti heimilt að sækja vörurnar án undangenginnar tilkynningar og kaupandi skal, eftir atvikum, veita eða sjá til þess að RPC Sæplast sé veittur aðgangur að vörunum á athafnasvæði kaupanda eða þriðja aðila.

4.5 Ef RPC Sæplast fær vörurnar aftur í sína vörslu skal það endurgreiða kaupanda þann hluta kaupverðsins sem kaupandi hefur greitt, að því tilskildu að RPC Sæplasti sé heimilt að draga frá, sem greiðslu fyrir notkun kaupanda á vörunum, 20% af kaupverðinu fyrir hvert ár (eða hluta úr ári) sem hefur liðið frá því að vörurnar voru afhentar kaupanda. Ef kaupandi hefur ekkert greitt á RPC Sæplast kröfu á hendur kaupanda um 30% af kaupverðinu.

### 5. ÁBYRGÐ OG UNÐANÞÁGUR FRÁ ÁBYRGÐ

## ALMENNIR SKILMÁLAR UM SÖLU

5.1 RPC Sæplast ábyrgist að (i) það hafi heimild til að selja vörurnar og að þær séu óveðsettar, og (ii) að vörurnar séu á afhendingardegi í öllum aðalatriðum í samræmi við umsamda eiginleika, eins og fram kemur í samningnum og (iii) að vörurnar hafi verið framleiddar með eðlilegum gæðum að því er varðar efni og handbragð.

5.2 Skuldbinding RPC Sæplasts til að bæta fyrir galla er alltaf með fyrirvara um að kaupandi hafi lagt fram skriflega tilkynningu um gallann án ástæðulausrar tafar og innan fimm (5) viðskiptadaga frá því að gallinn kom í ljós. Enn fremur gildir 12 mánaða fyrningarfrestur ábyrgðar frá afhendingardegi varanna um allar kröfur.

5.3 Allir aðrir skilmálar og ábyrgðir fyrir utan það sem hér fram kemur, hvort sem þeir eru gefnir í skyn með beinum eða óbeinum hætti, lögboðnir eða annars konar, þ.m.t. án takmarkana, að því er varðar gæði, lýsingu eða nothæfi, hæfi fyrir tiltekinn tilgang eða söluhæfi, skulu ekki gilda milli aðila að því marki sem lög leyfa slíkar takmarkanir.

5.4 Hvers kyns vöruupplýsingar og leiðbeiningar á vefsvæði RPC Sæplasts og í bæklingum, vörulistum, verðlistum, tækniritum og sambærilegu efni frá RPC Sæplasti skulu ekki teljast vera ábyrgðaryfirlýsingar á hálfu RPC Sæplasts.

## 6. GALLAR OG KRÖFUR

6.1. Fari svo að afhentar vörur eða einhver hluti þeirra sé gallaður (ekki í samræmi við samninginn) og RPC Sæplast er bótaskyld vegna gallans skal RPC Sæplast bæta fyrir gallann og getur valið að:

- (a) lækka kaupverðið hlutfallslega í samræmi við umfang gallans,
- (b) fella samninginn úr gildi og eftir atvikum endurgreiða kaupverðið eða reikningsfæra uppgefið andvirði á kaupanda,
- (c) gera við vörurnar, eða
- (d) afhenda nýjar vörur í staðinn.

RPC Sæplast skal upplýsa kaupanda um valið án ástæðulausrar tafar.

6.2 Skuldbinding RPC Sæplasts til að bæta fyrir galla nær ekki til galla eða tjóns á vörunum sem kemur til vegna rangrar meðhöndlunar, rangnotkunar, vanrækslu, viðgerða einhvers sem RPC Sæplast hefur ekki samþykkt eða af einhverjum öðrum orsökum en venjulegri notkun í viðskiptalegum tilgangi. Enn fremur veitir venjulegt slit kaupanda ekki rétt til að leggja fram ábyrgðarkröfur.

6.3 Kaupandi skal ekki skila gölluðum vörum nema samið hafi verið um það við RPC Sæplast.

6.4 Afhenda skal kaupanda vörur sem gert hefur verið við eða sem koma í stað gallaðra vara eins fljótt og auðið er og á eins hagkvæman hátt og við verður komið á upprunalegum afhendingarstað og með fyrirvara um þessa skilmála.

6.5 Allar frekari kröfur vegna gallaðra vara eru takmarkaðar í samræmi við ákvæði 7.

## 7. TAKMÖRKUN BÓTAÁBYRGÐAR

7.1 Öll ábyrgð RPC Sæplasts gagnvart kaupanda, hvort sem er innan samning (þar með talið vegna skaðleysis, ábyrgðar eða brota), utan samninga (þar með talið vegna vanrækslu), vegna rangra staðhæfinga, sanngirni, brota á lögboðnum skylduverkum, strangrar skaðabótaskyldu eða á annan hátt samkvæmt lögum, skal

- (a) takmarkast við verð varanna sem tilgreint er í samningnum og greiðist af kaupanda og
- (b) ekki bæta tap á hagnaði, viðskiptum, viðskiptavild, samningum, tekjum eða væntanlegum sparnaði, kostnað í tengslum við innköllun á vöru, tap eða tjón sem kaupandi verður fyrir vegna kröfu þriðja aðila eða annað óbeint eða afleitt tap, tjón eða útgjöld af neinu tagi.

7.2 RPC Sæplast útilokar ekki eða takmarkar neina bótaábyrgð vegna:

- (a) dauða eða heilsutjóns vegna vítaverðs gáleysis eða vísvitandi misferlis af sinni hálfu; eða
- (b) sviksamlegra eða óheiðarlegra, rangra staðhæfinga; eða
- (c) lögboðinnar skaðsemisábyrgðar eða annarrar ábyrgðar að því marki sem ekki er hægt að undanskilja eða takmarka hana samkvæmt lögum.

7.3 Takmarkanir á bótaábyrgð RPC Sæplasts sem hér eru settar fram endurspeglast í samþykktu kaupverði varanna.

7.4 Ef viðskiptavinur kaupanda leggur fram kröfu beint á hendur RPC Sæplasti skal kaupandi bæta skaða RPC Sæplasts vegna hvers kyns taps eða tjóns sem af hlýst.

## 8. GREIÐSLA

8.1 Greiða skal RPC Sæplasti að fullu fyrir vörur áður en þær eru sendar, nema komist sé að samkomulagi um annað.

8.2 RPC Sæplast skal hafa rétt til að innheimta dráttarvexti af öllum gjaldföllum skuldum frá og með gjalddaga, í samræmi við birta dráttarvexti Seðlabanka Íslands og lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Kostnaður við innheimtu, s.s. lögfræðikostnaður og svo framvegis, fellur á kaupanda.

8.3 Kaupandi skal ekki vera heimilt að beita skuldajöfnun, hvort sem hún byggir á lögum, samningi eða öðru., en í því felst einnig að kaupanda er ekki heimilt að fresta greiðslu neinna reikninga eða hluta þeirra.

8.4 Í þeim tilvikum þar sem greiðsla hefur ekki borist fyrir vörur, áskilur RPC Sæplast sé rétt til að fresta afhendingu þar til greiðsla hefur verið innt af hendi eða RPC Sæplast hefur fengið viðunandi tryggingu fyrir greiðslu.

8.5 Ef RPC Sæplast hefur ástæðu til að ætla að kaupandi muni ekki inna greiðslu af hendi á gjalddaga getur RPC Sæplast krafist kaupanda um að hann leggi fram viðunandi tryggingu fyrir greiðslunni. Ef kaupandi leggur ekki fram tryggingu getur RPC Sæplast fellt samninginn um vörusöluna úr gildi.

## 9. ÓVIÐRÁÐANLEG ATVIK (FORCE MAJEURE)

9.1 Hvorugur aðili skal vera ábyrgur vegna misbrests á að afhenda vörurnar eða annarra vanefnda á skyldum samkvæmt samningi, að því marki sem vanefnd orsakast af atvikum (sem hvert og eitt telst „óviðráðanlegt atvik“)

## ALMENNIR SKILMÁLAR UM SÖLU

sem viðkomandi aðili hefur ekki stjórnað á, þ.m.t. stríði, hryðjuverkum, óeirðum, verkföllum, verkbanni, útflutnings-/innflutningshöftum, eignaupptöku, gjaldeyrishöftum, náttúruhamförum, eldsvoða, skorti á hráefnum, samgöngum eða vinnuafli, bilunum í verkfærum/vélum og seinkunum eða truflunum á samgöngum.

9.2 Ef óviðráðanlegt atvik kemur í veg fyrir að aðili geti uppfyllt skuldbindingar sínar skal hann tilkynna gagnaðila það eins fljótt og mögulegt er. Sá aðili sem verður fyrir óviðráðanlegu atviki skal gera viðeigandi ráðstafanir til að lágmarka óþægindi gagnaðila.

9.3 Ef um óviðráðanlegt atvik er að ræða skal sá aðili sem verður fyrir atvikinu ekki vera ábyrgur fyrir seinkun eða öðrum vanefndum á samningi að því marki sem umrædd seinkun eða brot á samningi er afleiðing af óviðráðanlega atvikinu.

9.4 Ef óviðráðanlega atvikið kemur í veg fyrir eða seinkar framkvæmd samningsins milli aðila í meira en sex mánuði getur hvor aðili um sig rift samningnum.

## 10. TÆKJABÚNAÐUR

10.1 Tækjabúnaður sem er smíðað til að framleiða vörur fyrir kaupanda skal vera í eigu kaupanda ef og að því marki sem kaupandinn hefur greitt fyrir tækjabúnaðinn. Tækjabúnaður sem er að öllu leyti eða að hluta til í eigu kaupanda skal eingöngu notað til að framleiða vörur fyrir kaupanda.

10.2 Tækjabúnaðurinn skal vera á athafnasvæði RPC Sæplasts uns kaupandi biður um að tækjabúnaðurinn verði fluttur á annan stað. Kaupandi skal standa straum af öllum kostnaði við flutning tækjabúnaðarins.

10.3 Ef kaupandi krefst þess að tækjabúnaðurinn sé fluttur skal kaupandi greiða þann hluta af verði tækjabúnaðarins sem er ógreiddur til RPC Sæplasts.

10.4 RPC Sæplast skal geyma og viðhalda tækjabúnaðinum á tilhlýðilegan hátt. Ef kaupandi hefur ekki pantað vörur sem hafa verið framleiddar með tækjabúnaðinum í tólf (12) mánuði getur RPC Sæplast sent skriflega beiðni um að kaupandi sækji tækjabúnaðinn. Ef ekki er svarað innan þriggja (3) mánaða frá dagsetningu beiðninnar getur RPC Sæplast eyðilaggt tækjabúnaðinn.

## 11. HUGVERKARÉTTINDI

11.1 Ekkert í þessum skilmálum skal leiða til þess að nein hugverkaréttindi sem tilheyra RPC Sæplasti færist yfir til kaupanda og kaupandi ekki má nota nein slík hugverkaréttindi eða afrita þau án þess að veitt hafi verið skriflegt samþykki fyrir því.

11.2 Kaupandi skal tafarlaust vekja athygli RPC Sæplasts á hvers kyns mögulegum eða raunverulegum brotum á hugverkaréttindum RPC Sæplasts sem komið hafa til vitundar hans.

11.3 Þegar RPC Sæplast hannar vörurnar samkvæmt pöntun frá kaupanda skulu öll hugverkaréttindi á vörunum tilheyra RPC Sæplasti og kaupandi samþykkir að hann skuli framkvæma þær aðgerðir og reiða fram þau gögn sem RPC Sæplast krefst til að tryggja að slík réttindi tilheyri RPC Sæplasti.

11.4 Að því marki sem kaupandi á hugverkaréttindi að vörunum eða einhverjum nákvæmum skilgreiningum, teikningu eða öðru efni sem notað er við gerð varanna þá veitir hann RPC Sæplasti hér með þann rétt til slíkra hugverkaréttinda sem nauðsynlegur er til þess að RPC Sæplast geti uppfyllt skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.

11.5 Engin ábyrgð er tekin á því að vörurnar brjóti ekki í bága við hugverkaréttindi þriðja aðila.

## 12. TRÚNAÐUR

12.1 Hvor aðili um sig skuldbindur sig til að meðhöndla allar viðskiptalegar og tæknilegar upplýsingar (trúnaðarupplýsingar) sem hann fær vitneskju um gegnum viðskiptatengsl við hinn málsaðilann sem trúnaðarupplýsingar, að því tilskildu að upplýsingarnar séu ekki almenn vitneskja og séu þess eðlis að gera megi ráð fyrir því að þær séu trúnaðarupplýsingar.

12.2 Trúnaðarupplýsingar skal ekki birta eða skýra frá þeim við neinn þriðja aðila án heimildar, nema að því marki sem lög kveða á um, og ekki má nota þær, endurgera eða afrita nema í þeim tilgangi að standa við samninginn.

## 13. RIFTUN

13.1 Hvor aðili um sig skal hafa heimild til að rifta samningi með skriflegri tilkynningu til gagnaðila ef:

(a) hinn aðilinn brýtur endurtekið eða verulega gegn samningsbundnum skyldum sínum og getur ekki ráðið eða ræður ekki bót á slíku broti innan tveggja (2) vikna frá því að brotið á sér stað; eða

(b) hinn aðilinn er við það að gera nauðasamninga eða gangast undir annað fyrirkomulag við eða í þágu lánardrottna eða skiptabeiðni er gerð á hendur honum eða (ef um fyrirtæki er að ræða) ef honum hefur verið birt slitabeiðni eða ákveðið er að slíta fyrirtækinu eða ef bústjóri, skiptastjóri eða umsjónarmaður hefur verið skipaður yfir öllum eða hluta af eignum hans, eða hann verður gjaldproti eða ógjaldfær eða eða á þátt í eða verður fyrir sambærilegri aðgerð eða málshöfðun samkvæmt gildandi lögum í einhverri lögsögu.

13.2 Við riftun (i) skulu allar skuldir kaupanda gagnvart RPC Sæplasti gjaldfalla og koma tafarlaust til greiðslu; og (ii) RPC Sæplast skal ekki hafa neinar frekari skyldur að útvega kaupanda vörur.

## 14. ÝMISLEGT

14.1 Sjálfstæði einstakra ákvæða: Ef einhver ákvæði samningsins eða aðrir skilmálar sem samið hefur verið um verða ógildir, ólöglegir eða óframkvæmanlegir skal það ekki hafa áhrif á eða skerða önnur ákvæði samningsins.

## ALMENNIR SKILMÁLAR UM SÖLU

14.2 Breytingar: Allar breytingar, frávik eða fyrirvarar á samningnum verða að vera skriflegir og undirritaðir af báðum aðilum.

14.3 Undanþága: Eftirgjöf á réttarúrræðum, af hálfu aðila vegna brots á samningi skal ekki teljast eftirgjöf vegna annarra fyrri eða síðari brota á samningnum.

14.4 Framsal: Kaupandi skal ekki framselja eða yfirfæra nein réttindi sín eða skuldbindingar samkvæmt samningi til neins þriðja aðila án þess að fá fyrst fyrir því skriflegt samþykki frá RPC Sæplasti. RPC Sæplasti er frjálst að yfirfæra réttindi sín samkvæmt samningnum til þriðja aðila og, með skriflegri tilkynningu til kaupanda, skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum til dótturfélags eða systurfyrirtækis.

14.5 Gildandi lög: Samningurinn skal lúta íslenskum lögum. Beiting sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samninga um sölu á vöru milli ríkja er útilokuð.

14.6 Lausn deilumála: Ágreiningsmál, eða aðrar kröfur sem til eru komnar vegna samnings þessa, og ekki tekst að leysa milli aðila skal reka fyrir Héraðsdómi Norðurlands Eystra.